

# Vísir - Guðrún Hafsteinsdóttir nýr varaformaður SA



Guðrún Hafsteinsdóttir er markaðsstjóri Kjöriss og formaður Samtaka iðnaðarins.

## VÍSIR/VILHELM

Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri Kjöriss og formaður Samtaka iðnaðarins, var í dag kjörin varaformaður SA fyrir starfsárið 2015 til 2016. Fyrsti fundur nýrrar stjórnar Samtaka atvinnulífsins fór fram í dag.

Í tilkynningu frá samtökunum segir að jafnframt hafi ný framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins verið kosin fyrir starfsárið 2015 til 2016. Jens Garðar Helgason, formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, kemur nýr inn í framkvæmdastjórnina.

## Framkvæmdastjórn SA 2015-2016

Björgólfur Jóhannsson, formaður.

Guðrún Hafsteinsdóttir, varaformaður

Grímur Sæmundsen.

Höskuldur Ólafsson.

Jens Garðar Helgason.

Kolbeinn Árnason.

Margrét Sanders.